

Gullin í grenndinni maí 2014

Skynjun

Í ferðunum í maí var lagt áherslu á skynjun og skynfærin. Þegar nemendur komu í skóginn var þeim skipt í tvo hópa og gekk annar hópurinn eftir skynfærastígnum en hinn fann sér tré sem þau horfðu, hlustuðu og þreyfuðu á og lyktuðu af. Nemendum gekk vel að finna hlutina sem ekki áttu heima í náttúrunni. Það var fjölbreytt sem nemendur fundu þegar þau skynjuðu tréð á ólíkan hátt, má þar nefna furunálar, greinar, trjákvóða, köngull, fuglahljóð, bílahljóð, skógarlykt, graslykt, birkilykt, jólalykt. Þegar þau snertu tréð fundu nemendur klístur, bleytu, oddhvasst, mjúkt, hrufótt svo fátt eitt sé nefnt.



Gengið eftir skynfærastígnum



Hárteygja upp í furtré.



Allir fá að segja hvað þeir fundu